

Kennarasamband Íslands
Borgartúni 30
105 Reykjavík

5. nóvember 2024

Efni: Áskorun um að láta af mismunun barna og broti á réttindum þeirra

Undirrituð eru foreldrar barna í leikskólunum Ársölum, Drafnarsteini, Holti og Leikskóla Seltjarnarness. Við sýnum kjarabaráttu kennara mikinn skilning og efumst ekki um rétt þeirra til að fara í verkfall. Við erum á hinn bóginn verulega ósátt við fyrirkomulag Kennarasambands Íslands á verkfalli sem hófst þann 29. október sl. og teljum það ólöglegt. Við finnum okkur knúin til þess að senda þessa áskorun í ljósi mikilvægra hagsmuna og réttinda barna okkar.

Yfirstandandi er ótímabundið verkfall í 4 leikskólum af tæplega 270 á landinu öllu. Miðað við stöðu viðræðna virðist ljóst að ekki verður samið á næstunni, sbr. orð formanns Kennarasambands Íslands á Vísi 3. nóvember 2024: „Við tökum bara dag fyrir dag og viku fyrir viku og sjáum hvernig hlutirnir ganga.“ Samkvæmt fréttinni liggur ekki fyrir hvort boðað verði til verkfalls í fleiri skólum.¹

Umrædd verkfallsaðgerð bitnar afar harkalega á þessum litla barnahópi á meðan hún bitnar ekki neitt á öðrum börnum landsins. Á sama tíma fæst ekki séð hvernig verkfall sem bitnar á svo fámönnum hópi geti skapað nokkurn þrýsting á niðurstöðu í þeim kjaraviðræðum sem eru í gangi. Orkar þetta tvímælis gagnvart 1. mgr. 14. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna þar sem fram kemur það skilyrði verkfalls að tilgangur þess verður að vera að stuðla að framgangi krafna félagsmanna í deilu um kjarasamning.

Við teljum að það hljóti að vera hægt að beita verkfallsréttinum með öðrum hætti þannig að það bitni ekki svona harkalega á litlum hópi barna. Með þessu fyrirkomulagi er börnum mismunað og mikilvæg réttindi þeirra fyrir borð borin.

Samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar eiga börn grundvallarrétt til menntunar, fræðslu og velferðar. Þeim er tryggður sami réttur í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að, eins og t.d. samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem lögfestur hefur verið hér á landi. Þá er með öllu óheimilt að mismuna börnum og ber hinu opinbera að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börnum sé mismunað. Þá skal það sem er barni fyrir bestu ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.

Samkvæmt lögum nr. 90/2008 um leikskóla eru þeir fyrsta skólastigið í skólakerfinu og skulu sveitastjórnir tryggja að þjónusta leikskóla sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna. Við teljum liggja í augum uppi að aðgerðir KÍ séu til þess fallnar að mismuna börnum og brjóta á rétti þeirra til menntunar, fræðslu og velferðar. Við erum ekki ein um þá skoðun, heldur hefur t.a.m. umboðsmaður barna sagt það hreint út að börnum í þeim skólum sem eru í verkfalli sé mismunað hvað varðar rétt þeirra til menntunar og lýst yfir miklum áhyggjum af

¹ [Ekki ákveðið hvort fleiri fari í verkfall - Vísir](#)

verkfallsaðgerðum KÍ.² Við fáum raunar ekki betur séð en að KÍ hafi gengist við því í svörum sínum til sumra foreldra að aðgerðir sambandsins séu til þess fallnar að mismuna börnum.

Í vikunni birtist grein eftir lækni á geðsviði Landspítalans sem lýsti miklum áhyggjum sínum af því að verkfallið myndi hafa verulega slæm áhrif á andlega heilsu barnanna til frambúðar.³ Með verkfallinu, sem kann að ílengjast til muna, er því ekki aðeins verið að mismuna börnum heldur einnig að auka áhættu á slíku. Þá er einkar bagalegt að ekki hafi verið veittar undanþágur fyrir börn með fötlun sem eru að verða af gríðarlega mikilvægri stoðþjónustu.

Engin rök hafa komið fram af hálfu KÍ fyrir því af hverju einungis fjórir leikskólar voru valdir í ótímabundnar aðgerðir. Þessu þarf KÍ að svara og ef engin málefnaleg rök standa fyrir því þá ber félaginu að fara aðrar leiðir í verkfallsaðgerðum sínum. KÍ hlýtur að hafa lagt mat á hagsmuni barna áður en ráðist var í aðgerðirnar og eiga slík svör á reiðum höndum.

Þá hefur ekki verið greint frá ástæðum þess að leikskólastigið sé eina skólastigið sem fari í ótímabundið verkfall. Við bendum á að KÍ hefur hingað til barist fyrir viðurkenningu á því að leikskólastigið sé fyrsta skólastigið og þykir okkur að það ætti með réttu að endurspeglast í aðgerðum sambandsins. Við foreldrar teljum a.m.k. leikskólastigið, og þá kennslu sem þar fer fram, ekki síður mikilvægt en önnur skólastig.

Enn fremur teljum við afar óheppilegt að svo ólíkir starfshópar séu teknir inn í eitt verkfall og kjaradeilu. Það er óumdeilanlegt að starfsumhverfi, vinnufyrirkomulag og kjör eru afar ólík hjá þeim hópum sem undir eru, þ.e. leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla- og tónlistarkennurum. Í opinberri umræðu hefur ágreiningur aðila m.a. birst í ólíkum sjónarmiðum um kennsluhlutfall grunnskólakennara og frí þeirra.⁴ Þetta á ekki við um leikskólakennara en eru þeir þó þeir einu sem eru í ótímabundnu verkfalli.

Að lokum efumst við hreinlega um að fyrirkomulag verkfallsins standist fyrirnefnd lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í 1. mgr. 18. gr. laganna segir:

„Boðað verkfall tekur til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn, annarra en þeirra sem óheimilt er að leggja niður störf samkvæmt lögum þessum.“

Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til laganna segir að ákvæðið kveði á um að allsherjarverkfall verði í viðkomandi stéttarfélagi.

Samkvæmt ákvæðinu verða verkfallsaðgerðir því að taka til allra starfsmanna sem koma til með að þiggja laun í samræmi við þá samninga sem til stendur að gera. Við blasir að verkfall KÍ beinist að öllum vinnuveitendum kennara þótt það séu bara starfsmenn nokkurra vinnuveitenda sem leggja niður störf. Við leyfum okkur að efast stórlega um lögmæti skæruverkfalls, sem beint er að örfáum sveitarfélögum/leikskólum, þegar markmið verkfallsins beinist í raun að öllum aðilum innan SÍS.

Yrði talið að skæruverkvöll stæðust á annan borð 1. mgr. 18. gr. þá breytir það því ekki að verkfallsaðgerðir KÍ fela að okkar mati í sér ólögmæta mismunun samanber fyrri umfjöllun. Til eru

² Sjá: [Vegna boðaðra verkfallsaðgerða | Fréttir | Umboðsmaður Barna](#) og [Yfirlýsing vegna verkfalla | Fréttir | Umboðsmaður Barna](#)

³ [Afleiðingar verkfallsaðgerða á minnstu börnin - krafa um svör - Vísir](#)

⁴ [Lengra skólaár og hærra hlutfall kennslu meðal hugmynda](#)

augljósar leiðir til þess að standa að skæruverkfalli þannig að það mismuni ekki börnum, t.d. með því að rótera þeim leikskólum sem verkfall tekur til.

Í ljósi alls framangreinds skora undirritaðir foreldrar á Kennarasamband Íslands að láta af mismunun barna hið snarasta. **Þess er vinsamlegast óskað að KÍ bregðist við þessu bréfi og leiðrétti þessa ólögætu stöðu sem félagið hefur komið á fyrir lok dags á föstudag.** Við ítrekum að við sýnum kjarabaráttu kennara fullan skilning, en við getum einfaldlega ekki setið hjá - og áskiljum okkur allan rétt - þegar kemur að hagsmunum og réttindum barna okkar.

Haldið verður upp á *Dag mannréttinda barna* þann 20. nóvember næstkomandi. Sá dagur verður eflaust haldinn hátíðlegur í öllum skólum landsins. Börn um allt land munu því fagna þessum degi og réttindum sínum nema að öllum líkindum þau örfáu sem KÍ ákvað að taka út fyrir sviga.

Virðingarfyllst,

Foreldrar barna í leikskólunum Ársölum, Drafnarsteini, Holti og Leikskóla Seltjarnarness

[bréfið verður undirritað rafrænt á island.is]